# Úr vasa heimila

## Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs

Skattadagur Deloitte, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs – 15. janúar 2019

@atvinnulifid

@atvinnulifid

SA

## Hvað einkennir gott skattkerfi?

1. **Aflar nægjanlegra tekna fyrir samneysluna.** Skatttekjur ríkissjóðs standa undir 90% af heildartekjum ríkisins. Skattar sem heimili og fyrirtæki greiða standa því að stórum hluta undir útgjöldum ríkisins og forsenda þess að ríkið getið haldið uppi velferðarþjónustu og öðrum skyldum ríkisins.

2. **Er einfalt, gagnsætt og skilvirkt.** Einfalt og gagnsætt skattkerfi lágmarkar kostnað fyrir bæði skattgreiðendur og yfirvöld. Dregur úr undarskotum og stuðlar að betri skilningi á skattkerfinu. Skilvirkt skattkerfi lágmarkar neikvæð áhrif skatta og skapar rétta hvata.

3. **Er fyrirsjáanlegt og stöðugt.** Mikilvægt er að skattkerfi taki ekki sífelldum breytingum þannig að unnt sé að draga úr óvissu og auðvelda ákvarðanatöku fyrir bæði fyrirtæki og heimili.

4. **Er samkeppnishæft.** Skattkerfi sem eru samkeppnishæf skapa auknar tekjur og skapar aukin hvata til að byggja upp starfsemi hér á landi og dregur úr undanskotum.

5. **Styður við hagstjórnina.** Mikilvægt er að fjármálastefna hins opinbera sé til þess fallin að draga úr sveiflum í hagkerfinu fremur en að ýta undir sveiflur. Á uppgangstímum er því mikilvægt að hið opinbera beiti aðhaldssamri stefnu – ef vilji er til að lækka skatta á tímum uppgangs þarf að draga úr útgjöldum á móti. Því er öfugt farið í efnahagsslaka.

# 90% af tekjum ríkissjóðs eru skatttekjur

**Skatttekjur ríkissjóðs**

Flatarmál táknar milljarða króna, áætlun 2018




Heimildir: Fjársýsla ríkisins, Fjárlagafrumvarp 2019, útreikningar efnahagssviðs

# 90% af tekjum ríkissjóðs eru skatttekjur

**Skatttekjur ríkissjóðs**

Flatarmál táknar milljarða króna, áætlun 2018







- Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga hafa aukist um 52% á föstu verðlagi frá árinu 2010.
- Tekjur ríkissjóðs hafa því aukist um 62 milljarða króna frá árinu 2010, á verðlagi ársins 2018

Heimildir: Fjársýsla ríkisins, Fjárlagafrumvarp 2019, útreikningar efnahagssviðs

# Íslenska skattkerfið. Úr einu þrepi, í þrjú þrep og svo í tvö. Flækjustigið hefur aukist.

Staðgreiðsluhlutfall tekjuskatts einstaklinga frá 1988 til 2019

(%)




Heimildir: Ríkisskattstjóri, fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Íslenska skattkerfið. Hlutfall þeirra sem greiða tekjuskatt til hins opinbera hefur farið úr því að vera 60% í 86%.

**Hlutfall skattgreiðenda tekjuskatts og útsvars til hins opinbera frá 1992-2017**

(%)




Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

SA

# Íslenska skattkerfið. Hlutfall þeirra sem greiða tekjuskatt til hins opinbera hefur farið úr því að vera 60% í 86%. Sambærilegt hlutfall mælist í Danmörku og Noregi.

**Hlutfall skattgreiðenda tekjuskatts og útsvars til hins opinbera frá 1992-2017**
(%)




Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Íslenska skattkerfið. Skattbyrði dreifist þannig að lægstu tekjutíundir greiða minna.




Heimildir: Ríkisskattstjóri, útreikningar efnahagssviðs

# Íslenska skattkerfið. Skattbyrði dreifist þannig að lægstu tekjutíundir greiða minna.




Heimildir: Ríkisskattstjóri, útreikningar efnahagssviðs

# Íslenska skattkerfið. Skattbyrði dreifist þannig að lægstu tekjutíundir greiða minna.

**Hlutdeild tekjutíunda af nettótekjum ríkisins af tekjuskatti að teknu tilliti til barna- og vaxtabóta**

% %




Heimildir: Ríkisskattstjóri, útreikningar efnahagssviðs

# Skattbyrði lægstu launa hefur verið til umræðu

Aðsendar greinar

efnahagsmál stjórnmál kjaramál

## Vaxandi skattpíning láglaunafólks á Íslandi

Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, segir að skattbyrði láglaunafjölskyldna hafi aukist meira hér en í nokkru öðru vestrænu OECD-ríki á síðustu tveimur áratugum.

*28. ágúst 2017*

## Skattbyrði aukist langmest hjá þeim tekjulægstu

**Ný skýrsla hagdeildar ASÍ um skattbyrði launafólks**

## Ofurskattar á láglaunafólki

Innlent | Morgunblaðið | 24.3.2018 | 5:30

## Skattbyrði lægstu launa þyngdist

Útreikningar ASÍ sýna að kaupmáttur lægstu launa jókst um 6% en ráðstöfunartekna um 1,5% vegna skatta *mbl.is/ Friðrik Tryggvason*

Morgunblaðið

Nýir og uppfærðir útreikningar hagdeildar ASÍ á þróun skattbyrði einstaklinga eftir tekjuhópum milli áranna 2016 og 2017 leiðir í ljós að skattbyrði lægstu launa hélt áfram að aukast í fyrra en þessu var öfugt farið hjá tekjuhæsta hópnum.

## Skattapólitík 2012 til 2016

**Indriði H. Þorláksson** sýnir hvernig skattbyrðinni hefur verið velt yfir á lágtekju- og millitekjufólk undanfarin ár.

SA

# Dæmi:

## Einstætt foreldri með 2 börn, annað yngra en 7 ára. Búa í eigin húsnæði. Mismunandi tekjuforsendur.

## Hvernig hefur skattbyrði þróast?

## Hvernig hafa ráðstöfunartekjur þróast?

SA

# Lágmarkslaun. Á síðustu tíu árum hefur skattbyrði aukist. Útborguð laun eftir skatt- og bótagreiðslur hafa hins vegar aukist 17% meira.

## 2008-2018: Breyting á skattbyrði

mismunur á tekjuskattprósentu að frádregnum persónuafslætti[1]




**Niðurstaða:**

- Skattbyrði hefur aukist.
- Á sama tíma hafa ráðstöfunartekjur aukist meira.

## 2008-2018: Útborguð lágmarkslaun eftir skatt- og bótagreiðslur

þús. krónur, á verðlagi ársins 2018




1 Einstætt foreldri með 2 börn, annað yngra en 7 ára. Búa í eigin húsnæði með hámark vaxtagjalda fyrir útreikning vaxtabóta og með hreina eign sem gefur 50% skerðingu vaxtabóta

Heimildir: Ríkisskattstjóri, Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs

# Meðallaun. Á síðustu tíu árum hefur skattbyrði aukist. Útborguð laun eftir skatt- og bótagreiðslur hafa hins vegar aukist 11% meira.

**2008-2018: Breyting á skattbyrði**
mismunur á tekjuskattprósentu að frádregnum persónuafslætti[1]




**2008-2018: Útborguð meðallaun eftir skatt- og bótagreiðslur**
þús. krónur, á verðlagi ársins 2018




**Niðurstaða:**

- Skattbyrði hefur aukist.
- Á sama tíma hafa ráðstöfunartekjur aukist meira.

1 Einstætt foreldri með 2 börn, annað yngra en 7 ára. Búa í eigin húsnæði með hámark vaxtagjalda fyrir útreikning vaxtabóta og með hreina eign sem gefur 50% skerðingu vaxtabóta
Heimildir: Ríkisskattstjóri, Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs

# Efri fjórðungsmörk. Á síðustu tíu árum hefur skattbyrði aukist. Útborguð laun eftir skatt- og bótagreiðslur hafa hins vegar aukist 9% meira.

**2008-2018: Breyting á skattbyrði**
mismunur á tekjuskattprósentu að frádregnum persónuafslætti[1]




**2008-2018: Útborguð laun efri fjórðungsmarka eftir skatt- og bótagreiðslur**
þús. krónur, á verðlagi ársins 2018




**Niðurstaða:**

- Skattbyrði hefur aukist.
- Á sama tíma hafa ráðstöfunartekjur aukist meira.

1 Einstætt foreldri með 2 börn, annað yngra en 7 ára. Búa í eigin húsnæði með hámark vaxtagjalda fyrir útreikning vaxtabóta og með hreina eign sem gefur 50% skerðingu vaxtabóta

Heimildir: Ríkisskattstjóri, Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs

SA

## Úr vasa heimila. Skattbyrði allra tekjuhópa hefur aukist. Tekjur sem heimili hafa til ráðstöfunar eftir skatt- og bótagreiðslur hafa hins vegar aukist hlutfallslega meira.

**2008-2018: Breyting á skattbyrði**
mismunur á tekjuskattprósentu að frádregnum persónuafslætti[1]




**2008-2018: Breyting á greiddum launum eftir skatt- og bótagreiðslur[1]**
Breyting á útborguðum launum á föstu verðlagi á síðustu tíu árum




Heimildir: Ríkisskattstjóri, Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs

# Laun á Íslandi í alþjóðlegum samanburði

# Einstaklingur með 167% af meðaltekjum: Þriðju hæstu tekjurnar innan OECD eftir greiðslu skatta og bóta.

167%

**167% af meðaltekjum: Tekjur eftir skatt og bótagreiðslur meðal ríkja OECD, kaupmáttarleiðrétt í USD**

- vísitala = 100 fyrir meðaltal OECD, einhleypir og barnlausir með 167% af meðaltekjum




Heimild: OECD

SA

# Einstaklingur í meðaltekjum: Þriðju hæstu tekjurnar innan OECD eftir greiðslu skatta og bóta

100%

**Meðaltekjur: Tekjur eftir skatt- og bótagreiðslur meðal ríkja OECD, kaupmáttarleiðrétt í USD**

- vísitala = 100 fyrir meðaltal OECD, einhleypir og barnlausir á meðallaunum




Heimild: OECD

# Einstaklingur undir meðaltekjum: Fjórðu hæstu tekjurnar innan OECD eftir greiðslu skatta og bóta

67%

**Undir meðaltekjum: Tekjur eftir skatt- og bótagreiðslur meðal ríkja OECD, kaupmáttarleiðrétt í USD**

- vísitala = 100 fyrir meðaltal OECD, einhleypir og barnlausir með 67% af meðallaunum




Heimild: OECD

SA

# Samandregið

# 1. Skattbyrði hefur aukist

# 2. Ráðstöfunartekjur heimila hafa aukist

# 3. Útgreidd laun á Íslandi eru há í OECD samanburði

SA

# Skattbyrði lægstu launa hafa verið til umræðu

Aðsendar greinar — efnahagsmál stjórnmál kjaramál

Vaxandi skattpíning láglaunafólks á Íslandi

28. ágúst 201

Skattbyrði aukist langmest hjá þeim tekjulægstu

Ný skýrsla hagdeildar ASÍ um skattbyrði launafólks

Ofurskattar á láglaunafólki

Skattbyrði lægstu launa þyngdist

Morgunblaðið

Skattapólitík 2012 til 2016

Indriði H. Þorláksson sýnir hvernig skattbyrðinni hefur verið velt yfir á lágtekju- og millitekjufólk undanfarin ár.

**Skattbyrði lægstu launa hefur aukist...**

**... en ráðstöfunartekjur hafa aukist hlutfallslega meira**

SA

# Skattleysismörk hafa verið til umræðu

**VR vill að lægstu laun verði skattfrjáls**

Stærsta stéttarfélag landsins vill að persónuafsláttur verði endurskoðaður til samræmis við launavísitölu frá árinu 1990 og að bundið verði í lög að hann fylgi launavísitölu.

**Formaður Eflingar vill að lægstu laun verði skattfrjáls**

**Vilja hækka skattleysismörk upp í 320 þúsund**

**Stefán:**
**Lágmarkslaun á Íslandi verða að vera skattlaus**

**Leggja til að launatekjur undir 300 þúsund verði skattfrjálsar**

Flokkur fólksins og Miðflokkurinn leggja fram þingsályktunartillögu um 54 milljarða tilfærslu á skattbyrði, af láglaunafólki og yfir á annars vegar hærri launaða og eignafólk og hins vegar ríkið.

SA

# Í sögulegu samhengi yrði það mikil breyting að færa skattleysismörkin í lágmarkslaun

**Þróun skattleysismarka á föstu verðlagi**

Á verðlagi ársins 2018




Heimildir: Ríkisskattstjóri, útreikningar efnahagssviðs

# Svar fjármála- og efnahagsráðherra þess efnis

148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 1400 — 543. mál.

## Svar

**fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Guðmundi Inga Kristinssyni um lækkun tekjuskatts.**

2. *Hver yrði kostnaður ríkissjóðs af því að hækka persónuafsláttinn þannig að skattleysismörk atvinnutekna yrðu 300.000 kr. á mánuði?*

Til þess að atvinnutekjur ársins 2017 upp að 300 þús. kr. á mánuði hefðu verið lausar við tekjuskatt og útsvar, að teknu tilliti til lögboðins 4% iðgjalds launþega í lífeyrissjóð, hefði persónuafsláttur þurft að vera 106.387 kr. á mánuði. Það hefði að öðru óbreyttu skert tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga um 149,3 milljarða kr. Þar af hefðu 100,4 milljarðar kr. verið vegna lækkunar tekjuskatts og 48,9 milljarðar kr. vegna greiðslu útsvars frá ríki til sveitarfélaga. Álagning tekjuskatts einstaklinga á tekjur ársins 2017 nam samtals 168,6 milljörðum kr. Tekjuskattur einstaklinga hefði því rýrnað um 89%. Þeim sem ekki greiða neinn tekjuskatt eða útsvar mundi fjölga úr rúmlega 42 þúsund í 119 þúsund. Þeim sem ekki greiða ríkissjóði neinn tekjuskatt mundi fjölga úr 78 þúsund í 171 þúsund. Þeim sem greiða tekjuskatt til ríkisins mundi að sama skapi fækka úr 220 þúsund í 126 þúsund eða um 42%.

Heimild: Alþingi

# 149 milljarða króna eru 83% af tekjuskattsgreiðslum einstaklinga til ríkisins

**Skatttekjur ríkissjóðs**

Flatarmál táknar milljarða króna




Heimildir: Fjársýsla ríkisins, Fjárlagafrumvarp 2019, útreikningar efnahagssviðs

# **Helmingur launamanna** er með laun á bilinu 500-800 þúsund krónur.

**Dreifing heildarlauna eftir launþegahópi á árinu 2017**

%




Heimild: Hagstofa Íslands

# Hver borgar? Ef færa á skattleysismörkin í lágmarkslaun þá mun skattbyrði aukast á tekjur yfir 560.000 krónur á mánuði að öðru óbreyttu.

## Skattbyrði við óbreyttar tekjur hins opinbera árið 2017[1]

- tekjuskattur sem % af tekjum




[1] Til að tekjur ríkissjóðs hefðu haldist óbreyttar árið 2017 við 300 þús. kr. skattleysismörk hefði **neðra þrep tekjuskatts þurft að vera 61,8%** og **efra þrepið 70%.** Ekki er gert ráð fyrir að breyttri hegðun framteljenda vegna skattbreytinganna.

Heimild: Ríkisskattstjóri og útreikningar efnahagssviðs

# Samandregið

## Skattleysismörk hafa verið til umræðu

# Skattleysi lægstu launa

# =

# Verulegar skattahækkanir á aðra tekjuhópa

Formaður Eflingar vill að lægstu laun verði skattfrjáls

Vilja hækka skattleysismörk upp í 320 þúsund

Flokkur fólksins og Miðflokkurinn leggja fram þingsályktunartillögu um 54 milljarða tilfærslu á skattbyrði, af láglaunafólki og yfir á annars vegar hærri launaða og eignafólk og hins vegar ríkið.

SA

# Lágskattaríkið Ísland

## Fjarlægur draumur?

SA

# **Háskattaríki.** Nær hvergi dregur hið opinbera meira til sín í formi skatttekna. **Þriðjungur** af þeim verðmætum sem myndast í hagkerfinu renna til hins opinbera.

## Heildarskatttekjur hins opinbera

%VLF, árið 2017




## Heildarskatttekjur hins opinbera

%VLF, árið 2017, leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga[1]




[1] Leiðrétt er fyrir ellilífeyri til að gera ríki með sjóðsöfnunarkerfi og gegnumstreymiskerfi samanburðarhæf. Ekki er hægt að leiðrétta fyrir slíku í Danmörku og því er sleppt samanburðinum. Leiðrétt er fyrir atvinnuleysi þar sem slík fjárútlát eru að litlu leyti valkvæð fyrir hið opinbera. Árið 2016 fyrir Ástralíu og Japan.

Heimild: OECD og útreikningar efnahagssviðs

# Skapa þarf svigrúm til skattalækkana. Flestar skattprósentur eru hærri í dag en árið 2008. Nýjum sköttum hefur verið bætt við. Afnám tolla og vörugjalda mikilvæg aðgerð fyrir heimilin.

## Dæmi um nokkra stærstu tekjustofna ríkisins




**Afnám skatta**

1. Afnám almennra tolla.
2. Afnám vörugjalda.
3. Brottfall milliþreps tekjuskatts einstaklinga

**Nýir skattar**

1. Auðlindagjald.
2. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki.
3. Kolefnisgjald.
4. Sérstakur fjársýsluskattur.
5. Gistináttaskattur.



Heimildir: Ríkisskattstjóri, SA

# **Fjarlægur draumur?** Núverandi efnahagsuppsveiflu er lokið. Skapa þarf svigrúm til að lækka skatta og styðja við íslenskt efnahagslíf. Mikilvægt er þó að tillögur til skattalækkana séu raunhæfar.

**Blikur á lofti: Samband innlendrar eftirspurnar og gengi krónunnar**

- Ársbreyting frá 1F 1998 – 3F 2018, innlend eftirspurn = samtala neyslu og fjárfestingar







SA

# Að lokum

- **Hvers konar skattkerfi viljum við?** Einfalt, gagnsætt, fyrirsjáanlegt og samkeppnishæft skattkerfi sem skapar nægar tekjur til samneyslunnar. Íslenskt skattkerfi er þannig uppbyggt að hæstu tekjutíundir greiða ríflega 70% af heildargreiðslum tekjuskatts einstaklinga að t.t.t. vaxta- og barnabóta. Tekjur undir miðgildi tekna greiða samtals 1%. Á árinu 1992 var hlutfall skattgreiðenda til hins opinbera 60% en í dag er hlutfallið 86%. Fleiri taka því þátt í fjármögnun samneyslunnar en áður og er hlutfallið svipað og í Danmörku og Noregi.
- **Eru heimilin betur sett nú en áður?** Fordæmalaus uppgangur í íslensku efnahagslífi hefur skilað heimilum auknum tekjum og samhliða því vex skattbyrði. Það getur því verið villandi að horfa einungis til þróunar á skattbyrði launa. Útgreidd laun eftir skatt- og bótagreiðslur hafa þó hækkað á föstu verðlagi hjá öllum tekjuhópum á síðustu tíu árum, hlutfallslega mest hjá tekjulægstu hópunum.
- **Eru tillögur um skattleysi lægstu launa raunhæfar?** Tillögur þess efnis að lágmarkslaun verði skattlaus munu kosta ríkissjóð a.m.k. 149 milljarða króna að öðru óbreyttu, eða sem nemur 83% af heildartekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga. Ef ekki er almenn sátt um verulegar skattahækkanir á flesta aðra tekjuhópa þá eru slíkar tillögur með öllu óraunhæfar.
- **Er unnt að viðhalda þeim ávinningi sem hefur áunnist?** Útgreidd laun á Íslandi eru há í alþjóðlegum samanburði hvort sem horft er til lágmarkslauna eða meðallauna. Núverandi hagvaxtarskeið hefur skilað auknum tekjum til heimila, fyrirtækja og hins opinbera. Það eru blikur á lofti og mikilvægt að staðið verði vörð um það sem hefur áunnist og um leið skapa það svigrúm sem til þarf til að unnt sé að lækka skatta á íslenskan almenning. Tillögur um skattalækkanir verða engu að síður að vera raunhæfar.